

31. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Þrítugasti og fyrsti fundur í stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn föstudaginn 12. apríl 2013 kl. 15:00 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason, Elías B. Gíslason og Katrín Gylfadóttir

1. Fimmta yfirferð umsókna

Haldið var áfram yfirferð umsókna vegna 5. úthlutunar. Sveinn gerði grein fyrir þeim viðbótar upplýsingum sem höfðu borist frá síðasta fundi.

Sveinn er búin að skrifa drög að bréfi til ráðherra fyrir stjórn til yfirlstrar.

Tekin var ákvörðun um úthlutun og mun Sveinn skrifa skýringartexta við þau verkefni sem sjóðurinn gerir tillögu um að styrkja og ganga frá þeim á sambærilegan hátt og undanfarin skipti.

Stefnt er að því að skrifa undir tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til ráðuneytisins mánudaginn 15. apríl. Óskað er eftir að stjórnarmenn mæti á skrifstofu FMS til að undirrita skjalið fyrir kl. 16:00.

2. Önnur mál.

Gott að hafa síðar fund til að ræða um áframhaldandi styrki, vefsíðu Framkvæmdasjóðsins og fjármál.

Fundi slitið 16:30

Reykjavík 12. apríl. 2013/Katrín.

A. G.
Guðjón Bragason
Sævar Sk
Anna G. Sverris